



FUNDARGERÐ
10. fundur Odda bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , 26. mars 2019
og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Haraldur Eiríksson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Ágúst Sigurðsson og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, Sveitarstjóri.

Í fjarveru formanns, sem er í leyfi, setti fund Ágúst Sigurðsson varamaður og framkvæmdastjóri Odda bs. Hann lagði til að við dagskránnu bættust liðir 1. Stjórn skiptir með sér verkum og 2. Ársreikningur 2018 - kynning og var það samþykkt. Þá lagði hann til að tekinn yrði fyrir fyrsti liður á dagskránni og það var samþykkt.

Dagskrá:

1. Stjórn skiptir með sér verkum - 1903059

Kosning varaformanns.

Tillaga var lögð fram um að Haraldur Eiríksson yrði varafomaður stjórnar Odda bs og var það samþykkt.

Haraldur Eiríksson tók við fundarstjórn.

2. Ársreikningur Odda bs 2018 - 1903058

Ársreikningurinn lagður fram til kynningar.

Drög að ársreikning byggðasamlagsins fyrir árið 2018 var lagður fram til kynningar.

3. Trúnaðarmál 12032019 - 1903017

Fært í trúnaðarmálabók.

Valtýr Valtýsson fór af fundi kl 9:00

4. Samþykktir fyrir byggðasamlagið Odda bs - 1512003

Endurskoðun samþykktanna.

Á fundi í samráðsnefnd sveitarfélaganna þann 7. mars sl. var samþykkt að fela stjórn Odda bs að taka samþykktirnar aftur til skoðunar í ljósi þeirra umræðna sem sköpuðust í samráðsnefnd og leggja þær fyrir sveitarstjórnir á reglulegum fundi þeirra í apríl 2019. Ákveðið að fela ÁS að óska eftir tillögum að breytingum frá fulltrúum E-lista Ásahrepps sem óskuðu eftir umræðu um þetta mál. Þessar tillögur þurfa að berast fyrir næsta fund í stjórn Odda bs sem áætlaður er þriðjudaginn 2. apríl n.k.

Handwritten signatures in blue ink, including the initials "AL" and "UHG".

Ákveðið að næsti fundur stjórnar yrði haldinn á sama tíma að viku liðinni. Fundargerð yfirlesin og samþykkt.

9:50

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:50.



Haraldur Eiríksson



Margrét Harpa Guðsteinsdóttir



Ásta Berghildur Ólafsdóttir



Ágúst Sigurðsson